



Landsnet hf

Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Grindavík, 16.apríl 2021
2103091 AGJ

Framkvæmdaleyfi: Afgreiðsla leyfisveitanda vegna Suðurnesjalínu 2

Leyfisveitandi hefur afgreitt framkvæmdaleyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010 og reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.


Skilyrðum um útgáfu framkvæmdaleyfis vegna Suðurnesjalínu 2 í Grindavíkurbæ, samkvæmt 11.gr reglugerðar um framkvæmdaleyfi, hefur verið fullnægt, þ.e. veiting framkvæmdaleyfis hefur verið samþykkt af leyfisveitanda og framkvæmdaleyfisgjald hefur verið greitt.

Meðfylgjandi bréfi þessu er áritað leyfisbréf og greinagerð bæjarstjórnar ásamt árituðum uppdráttum til staðfestingar á samþykki og útgáfu leyfisins vegna ofangreinds.

Auglýsing hefur verið send í lögbirtingarblaðið og í dagblað sem gefið er út á landsvísu. Er þetta í samræmi við 10. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,


Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

**Sviðsstjóri umhverfis-
og skipulagssviðs**
Grindavíkurbær



Framkvæmdaleyfi vegna: Suðurnesjalínu 2 innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur

Landnúmer/staður: Rauðimelur

Framkvæmdaleyfisnúmer: 2103091

Visað er til erindis Landsnets þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum við Suðurnesjalínu 2 innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur. Eftirfarandi gögn bárust frá framkvæmdaraðila:

1. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags. 29. mars 2021
2. Greinargerð með umsókn um framkvæmdaleyfi frá september 2020
3. Kortahefti / Hönnunargögn frá september 2020
4. Bréf framkvæmdaraðila, vegna náttúruvár og legu valkosta, dags. 28.mai 2020
5. Matsskýrsla framkvæmdar frá september 2019
6. Álit Skipulagsstofnunar dags. 22. apríl 2020
7. Viðbrögð við umsögnum og athugasemdum sem bárust við frummatsskýrslu.
8. Vísað var til heimasíðu verkefnisins, <https://sn2.landsnet.is>
9. Greinargerð Jarðvísindastofnunar Háskóla Íslands um náttúruvá á framkvæmdasvæði Suðurnesjalínu 2 dags.19. október 2018
10. Rýni verkfræðistofunnar EFLU á skýrslu Jarðvísindastofnunar HÍ dags. 2. júlí 2020

Erindið var tekið fyrir og samþykkt í bæjarstjórn þann 30. mars 2021 og með vísan til þess er hér með veitt framkvæmdaleyfi í samræmi við reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi. Gildistími framkvæmdaleyfis er til 31.desember 2022. Framkvæmdaleyfið fellur þó úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað

Landsnet áformar að byggja 220 kV raflínu, Suðurnesjalínu 2, milli Hamraness í Hafnarfirði og Rauðamels í Grindavík. Suðurnesjalína 2, alls um 33,9 km, mun liggja samhliða núverandi Suðurnesjalínu 1 og fer í gegnum fjögur sveitarfélög. Stysti hluti línunnar verður innan Grindavíkur eða 0,79 km. Sótt er um leyfi til að reisa loftlínu í gegnum öll sveitarfélög og jarðstrengi í þéttbýlinu í Hafnarfirði og við tengivirki við Rauðamel í Grindavík. Innan sveitarfélagsins Grindavíkur liggur línuleiðin samhliða Fitjalínu 1. Á línuleiðinni eru 3 möstur þar sem meðalhæð tveggja burðarmastra er 27 m og eitt hornmastur er 16 m. Meðalhafleingd milli mastra er 309 m. jarðstrengurinn er 150 m og nær frá endamastri að tengivirkinu á Rauðamel. Framkvæmdin mun uppfylla þá brýnu nauðsyn að auka afhendingaröryggi raforku og flutningsgetu rafliða á Reykjanesi, þ.m.t. í Grindavík.

Framkvæmdaþáttur	Ein.	Innan Grindavíkur
Lengd loftlínu	km	0,641
Fjöldi mastra	stk	3
Þar af hornmöstur	stk	1
Meðalhafleingd	m	309
Meðalhæð burðarmastra	m	27
Meðalhæð horn-/fastmastra	m	16
Áætluð lengd vinnuslóða*	km	0,28
Nýjar slóðir fullgerðar**	km	0,11
Nýjar slóðir eftir að framkvæma	km	0,17
Lengd jarðstrengs	km	0,15

*Hér er um að ræða nýjar vegslóðir.

** Slóðir fullgerðar í fyrri framkvæmd

ugg



Öll framkvæmdin skal unnin eftir samþykktum uppdráttum, lýsingu á framkvæmd og gildandi lögum og reglugerðum um framkvæmdaleyfi. Framkvæmdin er matsskyld og lauk umhverfismatsferli með álit Skipulagsstofnunar þann 22. apríl 2020. Fullt samræmi er milli umsóknar um framkvæmd og þeirrar framkvæmdar sem lýst er í matsskýrslu.

Í samræmi við rannsóknarskyldu sína hefur bæjarstjórn Grindavíkur farið yfir umhverfismat Landsnets og álit Skipulagsstofnunar vegna Suðurnesjalínu 2. Eftir að hafa greint möguleg áhrif framkvæmdarinnar er það mat bæjarstjórnar að innan Grindavíkur hafi loftlína minni umhverfisáhrif og sé öruggari valkostur heldur en jarðstrengsvalkostur. Nánari upplýsingar og greinargerð með rökstuðningi má sjá í fylgiskjali þessa framkvæmdaleyfis.

Hönnunargögn sem fylgja með framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets uppfylla kröfur sem koma fram í reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Við veitingu framkvæmdaleyfis er horft til laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Framkvæmdin er að hluta á eldhrauni sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga og umsögn Umhverfisstofnunar um framkvæmdina má sjá í fylgigögnum matsskýrslu Suðurnesjalínu 2. Línuleiðin fer einnig um grannsvæði vatnsverndarsvæðisins í Lágum, umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja um framkvæmdina má sjá í fylgigögnum matsskýrslu Suðurnesjalínu 2. Tilgreindar eru ýmsar mótvægisáðgerðir í framkvæmdaleyfisumsókn Landsnets og skal þeim fylgja í hvívetna. Grindavíkurbær metur það að með því að fylgja fyrrnefndum mótvægisáðgerðum séu áhrif á náttúru og umhverfi lágmarkuð.

Einnig hefur verið horft til laga um menningarminjar nr. 80/2012. Framkvæmdin fer ekki um svæði á náttúruminjasrá innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur og engar fornleifar fundust á áhrifasvæði framkvæmdarinnar innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur. Tilkynna skal um alla mögulega minjafundi við framkvæmdir líkt og lög kveða á um.

Í gildi er aðalskipulag Grindavíkurbæjar 2010-2030 en nýtt aðalskipulag 2018-2032 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 3. desember 2020 og öðlast gildi um leið og það er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Í nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir eftirfarandi:

- Tengivirki við Rauðamel verði fjarlægð.
- Núverandi Rauðamelslína 1 (220 kV) verði framlengd í nýtt tengivirki á Njarðvíkurheiði og mun línan þá skipta um nafn og heitir framvegis Reykjaneslína 1.
- Ný lína, Reykjaneslína 2 (220 kV) verði byggð samhliða núverandi línu frá Reykjanesvirkjun að Njarðvíkurheiði.
- Svartsengislína 1 (132 kV) verði tengd núverandi Fitjalínu 1 við Rauðamel þegar tengivirkið verður fjarlægð.
- Lagður verði 132 kV lína frá Rauðamel að mörkum Reykjanesbæjar.
- Vegna hættu af eldgosi eða jarðhræringum getur raftenging frá Svartsengi til Grindavíkur rofnað. Skoða skal því möguleika á að tengja Grindavíkurbæ við Reykjanesvirkjun.

Alls er gert ráð fyrir þrem háspennuloftlínnum milli sveitarfélagsmarka við Reykjanesbæ og staðsetningu tengivirkisins á Rauðamel og er framkvæmdin því í samræmi við nýtt aðalskipulag 2018-2032. Framkvæmdin er einnig í samræmi við svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024.



Eftirlitsaðili framkvæmdarinnar er sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Grindavíkurbæjar Atli Geir Júlíusson, atligeir@grindavik.is, bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar, Víkurbraut 62, 2. hæð, sími: 420 1100.

Skilyrði leyfisveitanda

Framkvæmdaleyfi þetta er bundið eftirfarandi skilyrðum:

- Að framkvæmdin verði unnin í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Vakin er sérstök athygli leyfishafa á að honum er skylt að óska samþykkis leyfisveitanda fyrir breytingum á framkvæmdinni.
- Að leyfishafi fylgi í hvívetna gildandi skipulagi við framkvæmdirnar.
- Að leyfishafi fylgi í hvívetna nauðsynlegum mótvægisáðgerðum, vöktun og öryggisráðstöfunum til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á umhverfið, menningarminjar og náttúrufríbærni og til að tryggja öryggi, sem hann hefur boðað í umsókn sinni. Sjá samantekt mótvægisáðgerða og frágangs hér að neðan.
- Framkvæmdaraðili afli annarra nauðsynlegra leyfa fyrir framkvæmdinni:
 - Leyfi frá Minjastofnun Íslands ef raska þarf minjum í samræmi við 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.
 - Orkustofnun hefur veitt leyfi fyrir Suðurnesjalínu 2 með samþykkt kerfisáætlunar 2018-2027
- Öll gjöld og kostnaður hafi verið greidd.

Allar breytingar á framkvæmd skal tilkynna til sveitarfélagsins og Skipulagsstofnunar.


Framkvæmdaleyfi þetta tekur gildi þegar gjöld hafa verið greidd sbr. 13. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Framkvæmdaraðila ber að hafa framkvæmdaleyfi þetta aðgengilegt á verkstað á framkvæmdatíma.

Afrit af þessu framkvæmdaleyfi verður sent til Umhverfisstofnunar sbr. 6. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013.

Virðingarfyllst,

f.h. bæjarstjórnar Grindavíkur



Atli Geir Júlíusson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

Sviðsstjóri umhverfis-
og skipulagssviðs

Grindavíkurbær



Mótvægisáðgerðir

Umhverfis- þáttur	Mótvægisáðgerð / vöktun	Tímasetning	Ábyrgð
Jarðminjar	Við hönnun línunnar hefur verið tekið tillit til jarðmyndana og umhverfis eins og kostur er. Línuleiðin fylgir í meginatriðum núverandi Suðurnesjalínu 1 og nýtir því meðal annars slóðir sem fylgja þeirri leið. Línuleiðin er víðast á burðarhæfu landi, þannig er efnisþörf og efnisflutningum haldið í lágmarki.	Undirbúningur	Landsnet
Landslag og ásýnd	Leiðir til að minnka bein áhrif á landslag og ásýnd felast fyrst og fremst í því að halda raski við mastrastæði og slóðagerð í lágmarki.	Undirbúningur/ Framkvæmdatími	Landsnet
	Leitast verður við að halda slóðagerð í lágmarki og takmarka umfang þeirra og efnisnotkun eins og kostur er. Það verður gert með skilyrðum um tækjakost í útboðsgögnum og tryggt verður að eftirlitsmenn framkvæmdaraðila verði á verkstað á meðan framkvæmdir standa yfir.	Undirbúningur/ Framkvæmdatími	Landsnet
Vistgerðir og gróður	Leitast verður við að takmarka umfang slóða eins og kostur er á grónum svæðum. Til þess að tryggja það, verða sett takmörk á stærð vinnuvéla í útboðsgögnum.	Undirbúningur/ Framkvæmdatími	Landsnet/ verktaki
	Lögð verður áhersla á að svarðlag verði varðveitt þannig að það skemmist ekki og það endurnýtt eins og kostur er við frágang slóða, mastra og efnistökusvæða. Verklagið verður skilgreint í verklýsingu, sem og forskrift endurnýtingar. Ef ekki er hægt að nýta það þar sem það er grafið upp, verður því komið fyrir utan á fláa slóðar og/eða vinnuplana til að minnka sýnileika þeirra.	Framkvæmdatími	Landsnet
	Landsnet mun leggja áherslu á viðvarandi eftirlit með framkvæmdum og slóðagerð. Það þýðir að eftirlitsmenn með framkvæmdum verða á verkstað á meðan framkvæmdir standa yfir. Eftirlitsmenn munu hafa eftirlit með því að verktakar fari að lögum og reglugerðum, valdi ekki meiri röskun á landi en þörf krefur og gangi vel um framkvæmdasvæðið.	Framkvæmdatími	Landsnet
	Almennt er gert ráð fyrir að haft sé samráð við fulltrúa Umhverfisstofnunar um útlagningu vegslóða á viðkvæmum svæðum, m.a. mosavöxnum hraunum.	Undirbúningur	Landsnet
	Í lok verks verða slóðir lagfærðar og ráðstafanir gerðar til að hindra úrrennsli í leysingum og stórrigningum.	Verklok	Landsnet/ verktaki
	Leitast verður við að tryggja að endurheimt raskaðra svæða verði í samræmi við það gróðurfar sem fyrir er. Haft verður samráð við sérfræðiaðila um uppgræðsluaðferðir, þ.m.t. plöntutegundir og áburðargjöf.	Verklok	Landsnet/ sérfræðiaðilar



	Vöktun verður gerð í samráði við sérfræðinga á mosa við möstur, með tilliti til mögulegra skemmda af völdum sinkmengunar. Áætlað er að vöktunin taki til fimm ára frá því línan fer í rekstur.	Rekstartími	Landsnet/ sérfræðiaðilar
Fuglalíf	Fylgst verður með áflugi á milli mastra 74-97, bæði myndavélavöktun auk þess sem gengið verður meðfram línu. Niðurstöður verða bornar undir sérfræðinga og ákvarðanir um frekari vöktun eða mótvægisáðgerðir teknar í samráði við þá.	Rekstartími	Landsnet/ sérfræðiaðilar
Fornleifar	Ef fyrisjáanlegt er að minjastaður spillist vegna framkvæmda skal framkvæmdaraðili gera Minjastofnun viðvart og lýsa breytingum er af framkvæmd munu leiða. Minjastofnun ákveður hvort frekari rannsóknar er þörf eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar liggur fyrir.	Framkvæmdatími	Landsnet
	Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar og skýra Minjastofnun frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar.	Framkvæmdatími	Landsnet/ verktaki
	Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur nema með leyfi Minjastofnunar og settum skilmálum hennar.	Framkvæmdatími	Verktaki
Vatnsvernd	Í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, er atvinnurekanda skylt að tilkynna Vinnueftirliti ríkisins um hvers kyns mengunaróhöpp.	Framkvæmdatími	Verktaki
	Fylgt verður reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna þar sem fram kemur að rekstraraðila beri að tilkynna tafarlaust um stórslys til slökkviliðs og lögreglu, en starfsemi slökkviliðs felst m.a. í viðbrögðum við mengunaróhappi á landi skv. lögum um brunavarnir nr. 75/2000.	Framkvæmdatími	Verktaki
	Í útboðsgögnum verður sett fram verklag með mótvægisáðgerðum og áhættuminnkandi aðgerðum sem vinna þarf eftir á framkvæmda- og rekstrarstigi.	Undirbúningur	Landsnet/ verktaki
Ferðapjónusta og útivist	Sjá mótvægisáðgerðir í umfjöllun um landslag og ásýnd í matsskýrslu.	Framkvæmdatími	Landsnet
Loftslag	Í útboðsgögnum verða sett fram tilmæli til verktaka með það að markmiði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.	Framkvæmdatími	Verktaki



Frágangur

Stuðlað verður að því að röskun á landi verði sem minnst og að hún takmarkist fyrst og fremst við vel afmarkað framkvæmdasvæði. Leitast verður við að útmörk þess falli sem best að landinu í kring. Lögð verður áhersla á vandaðan frágang og allur akstur vegavinnutækja utan markaðs framkvæmdasvæðis er óheimill.

Framkvæmdaraðili, í samstarfi við verktaka, mun leggja áherslu á að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist aðeins við vel skilgreint framkvæmdasvæði. Útmörk framkvæmdar, t.d. skeringar og fyllingar á vegum og mastraplönum, verða afmörkuð þannig að framkvæmdin falli sem best að landslagi.

Að öðru lagi skal frágangur vera í samræmi við það sem lýst er í umhverfismatsskýrslu framkvæmdarinnar.

Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdasvæðinu á framkvæmdatíma, verður haft samráð við minjavörð Reykjaness eins og kveðið er á um í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.





Greinargerð bæjarstjórnar Grindavíkurbæjar vegna framkvæmdaleyfisumsóknar Landsnets um Suðurnesjalínu 2.

Hér á eftir má sjá rökstuðning og greinargerð Grindavíkurbæjar fyrir því að veita Landsneti framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Suðurnesjalínu 2 sem loftlínu.

Lagaleg krafa um rökstuðning

Í 3. mgr. 13. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 segir:

„Leyfisveitandi skal taka saman greinargerð um afgreiðslu leyfis þar sem gerð er grein fyrir samræmi milli leyfis og niðurstöðu álits Skipulagstofnunar um mat á umhverfisáhrifum og rökstyðja sérstaklega ef í leyfinu er vikið frá niðurstöðu álitsins.“

Grunnupplýsingar um Suðurnesjalínu 2

Innan sveitarfélagsins Grindavíkur liggur línuleiðin samhliða Fitjalínu 1. Innan Grindavíkur verður 641 m af loftlínu og 150 m af jarðstreng næst tengivirkinu á Rauðamel. Á línuleiðinni eru 3 möstur þar sem meðalhæð burðarmastranna tveggja er 27 m og hornmastrið er 16 m. Meðalhaflengd milli mastra er 309 m. Jarðstrengurinn er 150 m og nær frá endamastri að tengivirkinu á Rauðamel.

Framkvæmdin fer ekki um svæði á náttúruminjaskrá innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur og engar fornleifar fundust á áhrifasvæði framkvæmdarinnar innan sveitarfélagsmarka Grindavíkur. Framkvæmdin er í samræmi við nýtt aðalskipulag 2018-2032 sem staðfest hefur verið af Skipulagsstofnun, en þar er gert ráð fyrir loftlínu. Innan Grindavíkur fer línuleiðin um Rauðamel og í gegnum eldhraunið Sandfellshæðarhraun.

Grindavíkurbær telur brýna nauðsyn á styrkingu á flutningskerfi raforku á Suðurnesjum. Í undirbúningsferli hafa verið teknir til skoðunar margvíslegir valkostir til að styrkja kerfið. Sveitarfélagið telur að óhjákvæmilegt sé að raska eldhrauni vegna framkvæmda, en sú framkvæmd sem sótt er um, veldur minnstu raski á það.

Grindavíkurbær hefur kynnt sér ítarlega matsskýrslu Suðurnesjalínu 2 og áliti Skipulagsstofnunar. Almennt er samræmi í umfjöllun um umhverfisáhrif í matsskýrslu og áliti. Í ákveðnum þáttum er stigsmunur á umfangi áhrifa en ekki grundvallarmunur. Þá er ljóst að Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli allar kröfur sem gerðar eru til hennar í lögum um mat á umhverfisáhrifum.



UMHVERFISÞÁTTUR NIÐURTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR UM VIÐKOMANDI UMHVERFISÞÁTT

RÖKSTUÐNINGUR GRINDAVÍKURBÆJAR

Jarðmyndanir

Reykjanes hefur hlotið viðurkenningu UNESCO sem jarðvangur (Global Geopark), en slík útnefning felur í sér að svæði telst jarðfræðilega mikilvægt á heimsvísu. Skilgreining Reykjanes sem jarðvangs, ásamt þeim verndarákvæðum sem um svæðið gilda samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga undirstrikar mikilvægi þess að tekið sé sérstakt tillit til jarðmyndana við ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2. Óhjákvæmilegt er að valda óafturkræfu raski á jarðmyndunum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd við lagningu Suðurnesjalínu 2, hvaða valkostur sem verður fyrir valinu. Enginn valkostanna veldur hins vegar raski á svæðum á náttúruinjasrá (C-hluta), en þau svæði hafa jafnframt verið skilgreind sem áhugaverðir jarðminjastaðir af Reykjanesjarðvanginum.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á jarðmyndanir. Skipulagsstofnun telur ekki vera grundvallarmun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 hvað varðar áhrif á jarðmyndanir þegar eingöngu er horft til beins jarðrasks en ekki landslags- og ásynðaráhrifa (um þau er fjallað í kafla 3.2 hér á eftir).

Varðandi beint rask á jarðmyndunum telur stofnunin þurfa að horfa til þess hverskonar jarðmyndanir og hvaða heildir verða fyrir áhrifum ekki síður en til stærðar þeirra svæða sem raskast. Út frá því telur stofnunin ekki grundvallarmun á því jarðraski sem loftlína eða jarðstrengur meðfram Suðurnesjalínu 1 og jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut hefur í för með sér. Í því tilliti telur stofnunin hins vegar ástæðu til að draga fram áhrif valkosta C þar sem hann sveigir til suðurs af leið Suðurnesjalínu 1 á svæðinu Almennungur og fer þar inn á áður óraskaða heild, á svæði sem Landsnet telur hafa hæsta verndargildi þeirra svæða sem hér eru skoðuð með tilliti til jarðmyndana. Á móti kemur að við fyrri framkvæmdir við Suðurnesjalínu 2 voru lagðir vegslóðar og mastraplön á þessu svæði og því eru bein áhrif valkosta C á jarðmyndanir á því svæði að miklu leyti þegar komin fram.

Í umhverfismati Landsnets segir um jarðminjar:

„Svæðið hefur almennt lágt verndargildi hvað jarðminjar varðar. Undantekning er Rauðimelur og stuttir kaflar á Sandfellshæðarhrauni sem hafa mjög hátt vísindagildi.“

Þessar tvær undantekningar eru einmitt báðar innan Grindavíkur. Grindavík telur að jarðstrengur í gegnum Rauðamel og eldhraunið Sandfellshæðarhraun, hafi meiri og verri áhrif á jarðminjar heldur en loftlína. Þó að jarðstrengur fari meðfram núverandi vegi er óhjákvæmilegt að raska hrauninu meðfram veginum. Nú þegar er línuvegur fyrir loftlínu til staðar og einungis þrjú mastraplön verða gerða innan Grindavíkur.

Loftlína er talin hafa minni áhrif en jarðstrengur innan Grindavíkur.

Landslag og ásynð

Í matsskýrslu Landsnets er birt ítarlegt mat á landslagsheildum og ásynðarbreytingum af völdum fyrirhugaðra framkvæmda og áhrifum þeirra á landslag á mismunandi köflum línunnar. Eins og þar kemur fram verða áhrifin mismunandi eftir svæðum og útfærslu framkvæmda og telur Skipulagsstofnun að það mat sem lagt er á gildi landslagsheilda og áhrif á þær vegna jarðrasks og sjónrænna áhrifa gefi fullnægjandi mynd af líklegum áhrifum framkvæmdanna, þótt stofnunin sé ekki að öllu leyti sammála vægiseinkunum í niðurstöðu Landsnets.

Innan svæðanna Hafnarfjörður og Almennungur hafa jarðstrengskostirnir (A og B) talsvert minni neikvæð áhrif á landslag og ásynð að mati Skipulagsstofnunar en loftlínukostirnir (C og C2). Þrátt fyrir að leggja þurfi jarðstrengi um úfið hraun, mun sjónrænna áhrifa þess gæta á mun minna svæði en sjónrænna áhrifa loftlínukostanna. Jafnframt verða áhrif af valkosti C2 á landslag og ásynð vægari en af valkosti C, að mati Skipulagsstofnunar, en valkostur C nemur í raun nýtt land undir mannvirkni á svæði sem nýtur sérstakrar verndar og hefur verið ónumið af mannvirkjum.

Stofnunin telur jafnframt að munur á áhrifum á landslag og ásynð sé meiri milli valkosta á svæðunum Strandarheiði og Njarðvíkurheiði en vægiseinkunnir Landsnets benda til, sér í lagi þar sem línan fer næst Reykjanesbraut. Stofnunin telur að sjónræn áhrif stærri loftlína á þeim kafla, við hlið þeirrar sem fyrir er, hafi mikil áhrif á sjónræna upplifun frá fjölförnum vegi, auk þess sem þessi kafla línunnar er í mikilli nálægð við vaxandi þéttbýli í Vogum. Á því svæði telur

Öll þau ásynðaráhrif sem Skipulagsstofnun fjallar sérstaklega um og notar sem rökstuðning fyrir ákvörðun sinni snúa að ásynð frá Reykjanesbraut, ásynð frá þéttbýli og svæði ónumin af mannvirkjum. Ekkert af þessu á við í tilvikum Grindavíkur.

Innan Grindavíkur er línan í um 2,7 km fjarlægð frá Grindavíkurvegi og fjarri allri byggð. Línan fer um efnistökusvæði og vatnsverndarsvæði þar sem almennungur fer mjög lítið um og er svæðið markað af athöfnum manna og mannvirkjum, þ.m.t. öðrum loftlínum og tengivirki.

Þó jarðstrengur hafi minni áhrif þá hefur loftlína óveruleg áhrif innan Grindavíkur.



stofnunin mun æskilegra út frá áhrifum á landslag og ásýnd að velja jarðstrengskosti í heild eða hluta (A, B eða D). Ef það er ekki talið mögulegt, myndi útfærsla loftlínu samkvæmt valkosti E næst Reykjanesbraut milda áhrif tveggja samsíða loftlína með tilliti til landslags og ásýndar. Jafnframt telur stofnunin loftlínu samkvæmt valkosti C2 æskilegri með tilliti til áhrifa á landslag og ásýnd en valkost C á svæðinu Almenningsi, og valkosti A og B almennt hafa í för með sér minnst inngrip hvað varðar landslag og ásýnd á línuleiðinni allri.

Ferðaþjónusta og útivist

Áhrif lagningar Suðurnesjalínu 2 á ferðaþjónustu og útivist eru nátengd áhrifum framkvæmdanna á landslag og ásýnd sem fjallað er um í kafla 3.2 að framan. Við mat á vægi þessara áhrifa vegur þungt að línan er fyrirhuguð í næsta nágrenni við þá leið sem allir erlendir ferðamenn fara um sem koma til landsins um Keflavíkurlflugvöll. Fyrir liggur að náttúra landsins er helsta aðráttarafi fyrir erlenda ferðamenn hér á landi og að útsýnið yfir hraunið frá Reykjanesbraut er talið mikilvægt fyrir ferðamenn sem upplifa þar íslenskt landslag í fyrsta skipti. Þá er ekki síður mikilvægt það útivistargildi sem staðir á áhrifasvæði framkvæmdanna hafa fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins og á Suðurnesjum. Vægi svæðisins í því tilliti er líklegt til að aukast enn frekar í framtíðinni.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á ferðaþjónustu og útivist og er sammála þeirri niðurstöðu Landsnets að valkostur C muni líklega hafa mest neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og útivist, á meðan valkostur B, jarðstrengur meðfram Reykjanesbraut, hafi minnst áhrif á ferðaþjónustu og útivist. Stofnunin tekur jafnframt undir með umsögn Ferðamálastofu um að ástæða sé til að horfa til lagningar jarðstrengs vegna áhrifa á ferðaþjónustu.

Að öðru leyti vísast til niðurstöðu í kafla 3.2.3 að framan um áhrif framkvæmdanna á landslag og ásýnd, m.a. um áhrif loftlínukosta á svæðið Almanning, sem er mikilvægt útivistarsvæði, auk sjónrænna áhrifa séð frá Reykjanesbraut, þar sem línan liggur næst henni.

Öll þau áhrif sem Skipulagsstofnun fjallar sérstaklega um og notar sem rökstuðning fyrir ákvörðun sinni snúa að ásýnd frá Reykjanesbraut. Það á ekki við innan Grindavíkur.

Engin skipulögð ferðaþjónusta er í grennd við Suðurnesjalínu 2 innan Grindavíkur, enda risastór efnistökusvæði og vatnsból í næsta nágrenni. Gömlu gönguleiðirnar þvert yfir Reykjanesið, Árnastígur og Skipsstígur, eru í um 1,5 km fjarlægð og eru fáfarnar gönguleiðir.

Þó jarðstrengur hafi minni áhrif þá hefur loftlína óveruleg áhrif innan Grindavíkur.

Landnotkun, byggð og atvinnuþróun

Skipulagsstofnun tekur undir mikilvægi þess að til staðar séu raforkuflutningsmannvirki sem annað geta þeim raforkuflutningi sem þarf til að tryggja möguleika til vaxtar íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum.

Suðurnes hafa á undanförunum árum verið vettvangur mikils vaxtar, bæði hvað varðar fólksfjölgun og atvinnulíf. Þau hafa góðar forsendur til að vera áfram vaxtarsvæði, þótt tímabundið þurfi nú að takast á við þrengingar tengdar COVID-19 heimsfaraldrinum, þar sem Suðurnes geta orðið sérstaklega illa úti vegna umfangs ferðaþjónustutengdrar starfsemi á svæðinu.

Um leið og fyrirséður vöxtur íbúðarbyggðar og atvinnulífs á Suðurnesjum er það sem kallar á lagningu Suðurnesjalínu 2, geta ýmis uppbyggingaráform á svæðinu um leið sett lagningu rafliunnar ýmsar takmarkanir. Jafnframt er óvissa um ýmsa uppbyggingu sem getur haft áhrif á hvaða valkostur um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 er hagstæðastur út frá áhrifum á landnotkun, byggð og atvinnuþróun.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Hafnarfjarðarbær hafa nýlega komist að samkomulagi um að framtíðarlega Reykjanesbrautar verði í núverandi legu brautarinnar, milli Krýsuvíkurvegar og Hvassahrauns. Það hefur í för með sér að breyta þarf aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að brautin færir til suðurs á þessum kafla,

Engin þau dæmi sem Skipulagsstofnun fjallar um eiga við í tilvikum Grindavíkur. Innan Grindavíkur er línuleiðin fjarri allri byggð og vegum og engin uppbygging fyrirhuguð í nágrenninu.

Línuleiðin fer um efnistökusvæðið í Rauðamel og um vatnsverndarsvæðið í Lágum. Jarðstrengur hefur meiri heftandi áhrif á efnistökusvæðið auk þess sem hættara er við mannlegum mistökum og að vinnuvélar valdi skemmdum á Suðurnesjalínu 2 sé hún í jarðstreng þvert í gegnum efnistökusvæðið. Jarðstrengur sem grafinn er í jörð er einnig talin hafa meiri og verri áhrif á vatnsverndarsvæðið.



suður fyrir iðnaðarsvæðið sem liggur næst sunnan við álverið í Straumsvík. Þessi ákvörðun lá ekki fyrir þegar unnið var að frummatsskýrslu og matsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 eða þegar Hafnarfjarðarbær gaf umsögn um frummatsskýrsluna í júní 2019. Þessi breyting kann að gera að verkum að valkostir um legu Suðurnesjalínu 2 sem fylgja Reykjanesbraut eða Suðurnesjalínu 1 innan Hafnarfjarðar séu fýsilegri en valkostur C. Þetta kann að vera tilefni til að skoða sérstaklega í áformaðri aðalskipulagsbreytingu vegna breyttrar legu Reykjanesbrautar.

Bæði Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar gera ráð fyrir lestarsamgöngum til framtíðar milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins eftir lestarspori meðfram Reykjanesbraut. Ástæða er til að ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 taki tillit til þessa.

Síðast en ekki síst vinna stjórnvöld að athugun á uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni. Í nóvember 2019 undirrituðu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og borgarstjórnin í Reykjavík samkomulag um rannsóknir á möguleikum á byggingu nýs flugvallar í Hvassahrauni og er stefnt að því að taka ákvörðun um hvort af byggingu flugvallar í Hvassahrauni verði fyrir lok ársins 2024.2 Samkomulagið er gert í framhaldi af vinnu stýrihóps sem skilaði af sér skýrslu um flugvallarkosti á suðurvesturhorni landsins í nóvember 2019.3 Í tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 kemur fram að samhliða hröðum vexti á flugi til landsins hafi aukist mikilvægi þess að á suðurvesturhorni landsins séu tveir millilandaflugvellir. Í því samhengi sé verið að skoða hvort fýsilegt sé að byggja upp í Hvassahrauni alhliða innanlands- og varaflugvöll. Engu að síður verði Keflavíkurflugvöllur áfram megingátt millilandaflugs í fyrirsjáanlegri framtíð. Skipulagsstofnun telur ljóst að ef af uppbyggingu flugvallar í Hvassahrauni verður, gerir það kröfu um að háspennulínur í nánd við flugvöllinn séu lagðar í jörð. Það myndi gera að verkum að valkostir C og C2 kæmu ekki til greina við lagningu Suðurnesjalínu 2.

Allt eru þetta atriði sem horfa þarf til, þegar tekin er ákvörðun um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2.

Loftlínukostur er því metinn betri en jarðstrengskostur innan Grindavíkur.

Vatnsvernd

Um árábil hefur staðið til að leggja af vatnsbólið í Vogavík við þéttbýlið í Vogum. Þannig er sett fram stefna í aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga sem staðfest var árið 2010, um nýtt vatnsból sunnan Reykjanesbrautar sem leysa eigi af hólmi vatnsbólið í Vogavík. Með tilkomu þess verði vatnsbólið í Vogavík aflagt og vatnsvernd á grannsvæði þess aflétt.

Þá liggur fyrir nýlega samþykkt breyting á svæðisskipulagi Suðurnesja, sem býður staðfestingar, þar sem skilgreint er nýtt vatnsból og grannsvæði vatnsverndar sunnan Reykjanesbrautar í Sveitarfélaginu Vogum, sem er í samræmi við það sem auðkennt er sem framtíðarvatnsból Voga og tilheyrandi grannsvæði í matsskýrslu Landsnets. Jafnframt er þar sett fram stefna um að vatnsvernd vegna vatnsbóls í Vogavík falli niður þegar nýja vatnsbólið er tekið í notkun.

Skipulagsstofnun telur vegna þessa ekki ástæðu til að áhrif á vatnsbólið í Vogavík vegi þungt í samanburði á áhrifum valkosta, þar sem fyrir liggur að það verður aflagt. Stofnunin telur í því ljósi vera óverulegan mun á valkostum með tilliti til áhrifa á vatnsvernd en tekur að öðru leyti undir niðurstöður Landsnets um mat á áhrifum valkosta á vatnsvernd. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vatnsvernd í algjöru lágmarki.

Á þeim hluta línuleiðarinnar sem er innan Grindavíkur mat Landsnet að jarðstrengur hefði meiri og verri áhrif á vatnsvernd og er Skipulagsstofnun sammála því mati.

Innan Grindavíkur fer línuleiðin um vatnsverndarsvæðið í Lágum og er loftlína betri en jarðstrengskostur.



Vistgerðir og gróður	Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á vistgerðir og gróður. Um er að ræða umfangsmiklar framkvæmdir sem að hluta skerða svæði þar sem eru vistgerðir með hátt verndargildi og þá sérstaklega kjarrskógavist á svæðinu Almenni. Samantekið eru áhrif valkosta B minnst á vistgerðir og gróður og áhrif valkosta C mest, en þau eru þó að hluta þegar komin fram, vegna framkvæmda sem þegar hefur verið farið í á grundvelli framkvæmdaleyfis sem fellt var úr gildi. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á vistgerðir og gróður í algjöru lágmarki.	Enginn gróður er á efnistökusvæðinu í Rauðamel en jarðstrengur raskar meira af mosavöxnu hrauni innan Grindavíkur heldur en loftlínukostur.	Loftlínukostur er því metinn betri en jarðstrengskostur innan Grindavíkur.
Fuglalíf	Skipulagsstofnun telur að neikvæðustu áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði vegna loftlínukosta á Njarðvíkurheiði. Þar þverar línuleiðin flugleið máva þar sem þeir sækja í Seltjörn og Snorrastaðatjarnir sem þeir nota til hvíldar og baða. Skipulagsstofnun telur að jarðstrengjakostir hafi óveruleg áhrif á fuglalíf. Neikvæð áhrif jarðstrengjakosta á fuglalíf séu fyrst og fremst bundin við ónæði sem hlýst á framkvæmdatíma, þar sem svæðið sem verður fyrir raski sé ekki auðugt af fuglalífi. Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um vægi áhrifa ólíkra valkosta á fuglalíf. Hvaða valkostur sem verður fyrir valinu þarf að mati Skipulagsstofnunar að kappkosta við endanlega verkhönnun og framkvæmdir að halda áhrifum á fuglalíf í algjöru lágmarki. Ef valinn verður loftlínukostur er mikilvægt að tryggj verði við leyfisveitingar að áhrif línunnar á áflug fugla verði vöktuð. Gerð verði krafa um vöktunaráætlun sem unnin verði í samráði við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands	Loftlínukostur er helst talinn hafa neikvæð áhrif vegna áflugshættu norðan við Snorrastaðatjarnir og Seltjörn, þar fer línan um farleiðir fugla milli þessara votlendissvæða og sjávar. Það á ekki við innan Grindavíkur þar sem línan er á mjög þurru svæði inni á miðjum Reykjanesskaga. Fuglalíf er mjög fábreytt og lítil hætta á áflugi fugla. Ekkert votlendi er í nágrenninu sem laðar að gásfugla eða máfa og engar farleiðir þveraðar.	Þó jarðstrengur hafi minni áhrif þá hefur loftlína óveruleg áhrif innan Grindavíkur.
Menningarminjar	Ekki virðist vera afgerandi munur milli valkosta á áhrifum á menningarminjar og samkvæmt umsögn Minjastofnunar Íslands virðist ekki vera um að ræða áhrif á minjar sem geri að verkum að einhverjir valkostanna sé í augum stofnunarinnar síðri eða óásættanlegir með tilliti til áhrifa á menningarminjar. Mikilvægt er að farið verði í þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í umsögn Minjastofnunar og kappkostað að lágmarka áhrif framkvæmda á menningarminjar.	Jarðstrengsvalkostur hefur enga kosti umfram loftlínuvalkost.	
Hljóðvist og raf- og segulsvið	Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á hljóðvist og raf- og segulsvið. Stofnunin telur óverulegan mun á áhrifum ólíkra valkosta um legu og útfærslu Suðurnesjalínu 2 á þessa umhverfisþætti.	Jarðstrengsvalkostur hefur enga kosti umfram loftlínuvalkost.	
Loftslag	Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu Landsnets um mat á áhrifum framkvæmdarinnar á loftslag og að þau áhrif séu sambærileg fyrir alla valkosti.	Jarðstrengsvalkostur hefur enga kosti umfram loftlínuvalkost.	



Náttúruvá

Jarðhræringar undanfarna mánuði á Reykjanesi eru áminning um að svæðið er virkt og þar getur verið að vænta jarðskjálfta og eldumbrota. Þá hefur fárviðrið sem gekk yfir landið í desember sl. og önnur illviðri í vetur minnt á það veðurálag sem raforkuflutningsinnviðir þurfa að standast. Til marks um það hefur Landsnet, það sem af er af þessu ári, ítrekað gefið út viðvaranir vegna ýmiskonar yfirvofandi veðurálags, seltu, ísingar og hættu á niðurslætti eldinga og hafa einhverjar þessara viðvarana átt við suðvesturhornið, en margar við aðra landshluta.

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemd við ályktanir í matsskýrslu Landsnets um áhrif náttúruvá á Suðurnesjalínu 2, en telur þó að það sem þar kemur fram mæli fremur með lagningu jarðstrengs en loftlínu og mæli fremur með jarðstreng samkvæmt valkosti B, sem liggur utan sprungusveims Reykjaneskerfisins, heldur en legu samhliða þeirri raflínu sem fyrir er og liggur yfir sprungusveimnum.

Skipulagsstofnun einblínir á þann hluta jarðstrengskostsins sem er samhliða Reykjanesbraut og utan við sprungusveiminn. Aðrar aðstæður eru innan Grindavíkur sem er mun nær virka jarðskjálftasvæðinu. Þó að engir jarðstrengir hafi gefið sig (enn sem komið er) í jarðskjálftahrinunni 2020-2021 þá er ekki vitað hvort að einhverjir strengir hafi skemmt sem eykur líkur á bilunum í framtíðinni eða stytir endingartíma þeirra. Einnig er ekkert sem útilokar að upptök næstu jarðskjálftahrinu verði nær línunni. Það er vel þekkt að jarðskjálftar hafi meiri áhrif á jarðstrengi og metur Grindavíkurbær þar sem svo að þegar svo mikilvægur innviður á í hlut skal ekki taka neina áhættu.

Loftlínukostur er því metinn betri en jarðstrengskostur innan Grindavíkur.

NIÐURSTÖÐUTAFLA

LOFTLÍNUVALKOSTUR ER METINN HAFI MINNI ÁHRIF INNAN GRINDAVÍKUR Á EFTIRFARANDI UMhverfispætti:	VALKOSTIR HAFI SVIPUÐ ÁHRIF Á EFTIRFARANDI UMhverfispætti:	JARÐSTRENGSVALKOSTUR ER METINN HAFI MINNI ÁHRIF INNAN GRINDAVÍKUR Á EFTIRFARANDI UMhverfispætti:
<ul style="list-style-type: none"> - Jarðminjar - Landnotkun, byggð og atvinnuþróun - Vatnsvernd - Vistgerðir og gróður - Náttúruvá 	<ul style="list-style-type: none"> - Menningarminjar - Hljóðvist og raf- og segulsvið - Loftslag 	<ul style="list-style-type: none"> - Landslag og ásýnd - Ferðapjónusta og útivist - Fuglalíf
<p>Áhrif loftlínuvalkosta á alla þessa umhverfispætti eru óveruleg innan Grindavíkur.</p>		

Í samræmi við rannsóknarskyldu sína hefur bæjarstjórn Grindavíkur farið yfir umhverfismat Landsnets og álit Skipulagsstofnunar vegna Suðurnesjalínu 2. Eftir að hafa greint möguleg áhrif framkvæmdarinnar er það mat bæjarstjórnar að innan Grindavíkur hafi loftlína minni umhverfisáhrif og sé öruggari valkostur heldur en jarðstrengsvalkostur. Af þeim 11 umhverfispáttum sem voru skoðaðir í umhverfismatinu hefur loftlína minni áhrif á 5 þætti. Jarðstrengur hefur minni áhrif á þrjá þeirra en loftlína hefur óveruleg áhrif á alla þá þætti. Loftlína og jarðstrengur hafa sambærileg áhrif á þrjá umhverfispætti.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 30.mars 2021.

**SUÐURNESJALÍNA 2
MILLI HAMRANESS Í HAFNARFIRÐI OG
RAUÐAMELS Í GRINDAVÍK**

Kortahefti

September 2020



Áritaðir uppdættir til staðfestingar á samþykki og útgáfu framkvæmdaleyfis Grindavíkurbæjar til Landsnets vegna Suðurnesjalínu 2.

Atli Geir Júlíusson, 12.02.2021

Atli Geir Júlíusson
Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og
skipulagsfulltrúi Grindavíkurbæjar

Sviðsstjóri umhverfis-
og skipulagssviðs
Grindavíkurbær

Kortahæfti - Yfirlit


Hætti	Nr.	Mælikvarði
Framkvæmdaleyfi Suðurnesjalna 2	1	1:100 000
Framkvæmdaleyfi Hafnarfjörður	1.1	1:25 000
Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagið Vogar 1/3	1.2.1	1:25 000
Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagið Vogar 2/3	1.2.2	1:25 000
Framkvæmdaleyfi Sveitarfélagið Vogar 3/3	1.2.3	1:25 000
Framkvæmdaleyfi Reykjanesbær	1.3	1:25 000
Framkvæmdaleyfi Grindavíkurbær	1.4	1:25 000
Vemdarsvæði	2	1:100 000
Vemdarsvæði Hafnarfjörður	2.1	1:25 000
Vemdarsvæði Sveitarfélagið Vogar 1/3	2.2.1	1:25 000
Vemdarsvæði Sveitarfélagið Vogar 2/3	2.2.2	1:25 000
Vemdarsvæði Sveitarfélagið Vogar 3/3	2.2.3	1:25 000
Vemdarsvæði Reykjanesbær	2.3	1:25 000
Vemdarsvæði Grindavíkurbær	2.4	1:25 000
SN2 Mástageró Hafnarfjörður		
SN2 Mástageró Vogar		
SN2 Mástageró Grindavík		
SN2 Mástageró Reykjanesbær		

Gulmerktir uppdrættir snúa að framkvæmdaleyfi Grindavíkurbæjar

**Sviðsstjórn umhverfis-
og skipulagssviðs**

Grindavíkurbær

agf, 12.02.2021



Framkvæmdaleyfi Suðurnesjalna 2
LANDSNET

Núverandi línur	Tengivirkir	Áætlað rask
Ný loftlína	Framtíðar tengivirkir	Raskað vegna framkvæmda
Nýr jarðstrangur	Mörk sveitarfélaga	Futunnid vegna framkvæmda
		Stofnbrautir
		Vegir/slóðir
		Stígar


Kortagrunnur:
Sveitarfélagsmörk LMÍ ISV50 2017
Samgöngur LMÍ ISV50 2017,
ASK Hafnarfjörður, ASK Sveitarfélagið Vogar
Loftmynd: Loftmyndir ehf.

Hnitakerfi: ISNET93

Dagsetning: 8.9.2020
Gerat: ÍAK
Kvart: 1:100.000
Tölun: 1

Svissstjóri umhverfis- og skipulagseviðs Grindavíkurbæjar
agj
12.02.2021





**Framkvæmdarsvæði
Grindavíkurbær**
LANDSNET

Núverandi lóðina	Mörk sveitarfélaga	Áætlað rök
Ný lóðina	Núverandi mæstur	Reskað vegna framkvæmda
	Ný mæstur	Fullunníð vegna framkvæmda
	Tengivíki	Stofnbrautir
		Vegfráslóðir
		Stígar


Kortagrunn ur:
Sveitarfélagsmörk LMÍ ISV50
Samgöngur LMÍ ISV50
Hæðunilíkan ÍslandsDEM, ótg. 0
Hnitakerfi: ISNET98

Dagsetning: 8.9.2020
Gest at: ÍAK
Kvæð: 1:25.000
Tölkn: 1

N

VSÓ RÁÐGJÖF

**Sviðsstjórn umhverfis-
og skipulagssviðs
Grindavíkurbær**
09.12.2021



Verndarsvæði

LANDSNET

- Núverandi línur
- Ný loftlína
- Nýr jarðtrengur
- Mörk sveitarfélaga
- Tengivirkir
- Framtíðar tengiv.
- Brunnsvæði
- Fjarvæði vatnavæðar
- Grannsvæði vatnavæðar

- Verndarsv. skv. 61. gr.
- Nútímahraun 61. gr
- Náttúrulegt birki 61. gr.
- Hverfisvarnd
- Sjávarfl. og íslur
- Votlendi >2000 fm
- Náttúruverndarsvæðun
- Náttúruvinnjaskrá
- Friðlýst svæði

Kortagrunnur:
Sveitarfélagsmörk LMÍ ISV50
Sængingur LMÍ ISV60
Hæðarflakan IslandsDEM, útg. 0


Hnitakerfi: ISNET93

Dagsetning: 8.9.2020
Gert af: ÍAK
Kvartli: 1:100.000
Tölur:

Svissstjóri umhverfis og skipulagssviðs Grindavíkurbyggðar
1202 2021

N

VSÓ RÁÐGJÖF



**Verndarsvæði
Grindavíkurbæjar**
LANDSNET

Núverandi lína	Stöðbraunir	Verndarsv. skv. 61. gr.	Náttúruverndar-ættun
Ný loftlína	Vegir/álóðir	Náttúruvernd 61. gr.	Náttúruverndar-ættun
Mörk svæðisráðs	Stigar	Náttúrulegt birki 61. gr.	Náttúruverndar-ættun
Núverandi mótur	Brunnsvæði		
Ný mótur	Fjarasvæði		
Tengivirki	Grænasvæði		
	Vatnsvæðir		

Kortagrunnur:
Svæðisráðsgræðsla LM ISV50
Samgöngur LM ISV50
Hæðortilíkan IslandsDEM, átg. 0

Hnitakerfi: ISNET93

Dagsetning: 8.9.2020
Gert af: ÁK
Kvarði: 1:25.000
Telkur: 1

ags. 17.08.21

VSÓ RÁDGGJÖF

